

Nd.

302. Nefndarálit

[55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og til Landssambands ísl. útvegsmanna. Mæla þessir aðilar báðir með samþykkt frumvarpsins.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Nefndarmennirnir BF, MÁM, PS og LJós mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, en GislG hefur lýst sig andvígán frumvarpinu óbreyttu og mun skila séráliti. LJós skrifar þó undir nefndarálit þetta með fyrirvara.

Samkvæmt 1. gr. frv., ef að lögum verður, hækkar ábyrgð ríkissjóðs á lánum fiskveiðasjóðs úr 50 millj. kr. í 150 millj. kr., og samkvæmt 2. gr. frv. er fiskveiðasjóði heimilað að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu ísl. krónu á lánstímanum, þegar sjóðurinn endurlánar erlent lánsfé.

Sjóðsstjórnin gerir grein fyrir þessum tveim meginatriðum frumvarpsins í umsögn sinni um málið með svofelldum orðum:

„Skuldir sjóðsins í erlendri mynt, tryggðar með ríkisábyrgð, nema nú um 64.5 milljónum króna með núverandi gengi og eru þannig þegar komnar yfir hið lögleyfða hámark.

Af þeim ástæðum svo og vegna þess, að fyrirhugaðar eru nú erlendar lántökur með milligöngu Framkvæmdabankans og fyrir þeim sett það skilyrði, að féð verði endurlánað með gengistryggingu, mælir stjórn sjóðsins með því, að framangreint frumvarp verði samþykkt, enda á sjóðurinn ekki kost á öðrum lánum, eins og sakir standa. Líklegt er einnig, að sjóðurinn verði í framtíðinni að starfa að verulegu leyti með erlendu lánsfé. Sjóðurinn hefur þegar orðið að taka á sig 28 milljóna króna tap vegna gengisbreytinga. Telur sjóðsstjórnin óhjákvæmilegt, að hún hafi í lögum möguleika á því að forða sjóðnum frá slíkum áföllum í framtíðinni, eigi hann að geta gegnt því hlutverki, sem honum er ætlað.

Hvað snertir fyrirkomulag gengisáhattuákvæðis í veðskuldabréfum fyrir lánunum, er að sjálfsögðu um framkvæmdaatriði að ræða, sem fer eftir aðstöðu sjóðsins á hverjum tíma, t. d. möguleikum hans til innlendrar lántöku og möguleikum til fjáröflunar á annan hátt og öðrum sambærilegum ástæðum.“

Í bréfi L. Í. Ú. segir svo:

„Á stjórnarfundum 21. þ. m. var samþykkt að mæla með frumvarpinu, þar sem telja verður víst, að slík breyting, sem frumvarpið boðar, muni gera fiskveiðasjóð betur færán til að gegna sínu mikilvæga hlutverki í framtíðinni.“

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar fellst á þessi sjónarmið stjórna Fiskveiðasjóðs Íslands og L. Í. Ú. og telur mikilvert, að fjárhagur sjóðsins sé traustur. Efling sjóðsins er undirstaða þess, að áframhald verði á uppbyggingu íslenskra fiskiskipaflotans og fiskiðnaðarins. Þess vegna má það ekki ske, að höfuðstóll hans sé skertur vegna gengisáhattu og vaxtataps frekar en orðið er.

Nefndarmönnum hefur verið tjáð, að gengisáhattuákvæði verði ekki sett í skuldabréf sjóðsins umfram það, sem svarar til þess erlenda lánsfjár, er sjóðurinn starfar með á hverjum tíma, og með þeirri takmörkun, að því er þetta varðar, mæla undirritaðir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 27. jan. 1961.

Birgir Finnsson,
form., frsm.

Matthías Á. Mathiesen,
fundaskr.

Pétur Sigurðsson.

Lúðvík Jósefsson,
með fyrirvara.